Reykjavík, 24. nóvember 2026
USK26100171

Hrísateigur 31 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / SM

Lögð fram fyrirspurn Björns Arnars Haukssonar, dags. 9. október 2026, ásamt greinargerð, ódags. um að breyta útfærslu á kvistum á húsinu á lóð nr. 31 við Hrísateig.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag í gildi

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin borgarhluta 4 - Laugardal og er hluti af íbúðarsvæði ÍB21.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Teigahverfi norða Sundlaugavegar, samþykkt í borgarráði 07.11.2013 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Í gildandi deiliskipulagi segir eftirfarandi um kvisti:

Kvistir eru leyfilegir og mega þeir vera allt að 2/3 af lengd þaks. Kvistir skulu vera a.m.k. 50 cm frá útveggjum húsa - sjá nánar skilmálamyndir 2-4 á uppdrætti 03.
Skilmálar fyrir þakgerð og hæð húsa við breytingar og endurbyggingar, er eftirfarandi:

SKILMÁLAMYND 2



Reykjavík

Óskað er eftir heimild til að víkja frá skilmálamynd hvað varðar að draga kvist inn um 50 cm frá útvegg þar sem það hefur í för með sér töluverðan aukakostnað. Bent er á Laugarnesveg 83 sem dæmi um slík frávik.



Laugarnesvegur 83, útfærsla kvista í samræmi við upprunalegar teikningar frá 1949



Hrísateikgur 31, götumynd

Sbr. götumynd hér að ofan er áberandi þakkantur til staðar á húsinu í dag. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að fyrirhugaðir kvistir verði í framhaldi af útvegg, að því tilskyldu að áfram verði þakkantur / þakskegg neðan við kvisti.

Niðurstaða

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að fyrirhugaðir kvistir verði í framhaldi af útvegg, líkt og dæmi eru um í elstu húsum, að því tilskyldu að áfram verði þakkantur neðan við kvisti.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Maack, arkitekt / verkefnastjóri

Reykjavík